

ERINDISBRÉF

FYRIR

ENDURSKOÐUNARNEFND ÍSLANDSSJÓÐA HF.

1. gr. Skipun og tilgangur

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Íslandssjóða hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“ eða „félagið“) og er undirnefnd stjórnar.

Tilgangur nefndarinnar er að aðstoða stjórn Íslandssjóða við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar varðandi fjárhagsuppgjör og reikningsskil, innra eftirlitsumhverfi, endurskoðunar- og eftirlitsferla félagsins, ásamt því að hafa eftirlit með fylgni við lög og reglur.

Skipun og tilgangur nefndarinnar skal taka mið af 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

2. gr. Nefndarmenn og formaður

Endurskoðunarnefnd skal skipuð tveimur til þremur mönnum og a.m.k. einn þeirra skal vera stjórnarmaður Íslandssjóða. Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess, auk þess sem að a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður eiganda félagsins. Sé nefndin skipuð tveimur mönnum skulu þeir báðir vera óháðir félaginu. Starfsmenn félagsins og samstæðu Íslandsbanka skulu ekki eiga sæti í nefndinni.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar og skal a.m.k. einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

Stjórn Íslandssjóða tilnefnir formann endurskoðunarnefndar, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir fyrir hönd nefndarinnar milli funda. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

3. gr. Fundarsköp

Endurskoðunarnefnd skal halda fundi í tengslum við yfirferð ársreikninga og árshlutareikninga, auk annarra funda eftir því sem verkefni nefndarinnar gefa tilefni til. Ef þörf er á mega fundir nefndarinnar vera með rafrænum hætti.

Nefndin boðar eftir þörfum stjórnendur, innri og ytri endurskoðendur og aðra á fundina til að veita nefndinni upplýsingar. Nefndin heldur einnig sérstaka lokaða fundi með innri og ytri endurskoðendum til að ræða hver þau málefni sem nefndin eða endurskoðendur telja að hentugt sé að ræða í einrúmi.

Nefndin skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund með stjórn og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda, til að fara yfir verkefni endurskoðendanna og þau mál sem kunna að hafa komið upp í störfum þeirra. Heimilt er að hafa fundinn sem dagskrárlið á stjórnarfundi eða fundi endurskoðunarnefndar.

Innri endurskoðandi félagsins undirbýr dagskrár funda í samráði við formann og skulu þær sendar nefndarmönnum fyrir fundina ásamt fundargögnum eftir því sem við á. Hann ritar jafnframt fundargerðir.

Samþykktar fundargerðir skulu undirritaðar af þeim nefndarmönnum sem sátu viðkomandi fund. Hafi nefndarmaður ekki setið fund skal hann staðfesta með áritun á fundargerð að hann hafi kynnt sér efni hennar. Innri endurskoðandi sér um að senda stjórn Íslandssjóða undirritaðar fundargerðir endurskoðunarnefndar að fundum loknum.

4. gr. Hlutverk

Í samræmi við tilgang endurskoðunarnefndar er hlutverk hennar eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
 - 1.1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
 - 1.2. Yfirfara meiriháttar reikningshalds- og uppgjörsmál, þ.m.t. flókin eða óvenjuleg viðskipti og matskennda liði, sem og faglega og lagalega úrskurði og skilgreina áhrif þeirra á fjárhagsuppgjör.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
 - 2.1. Fylgja því eftir að engar óviðeigandi hömlur eða takmarkanir séu til staðar varðandi verksvið og aðgang innri endurskoðunar að upplýsingum og að innri endurskoðun séu tryggð skilyrði til að sinna verkefnum sínum á fullnægjandi hátt.
 - 2.2. Fara yfir virkni fjárhagslegra og reikningshaldslegra eftirlitsþátta með ytri og innri endurskoðendum og framkvæmdastjóra og kalla eftir tillögum um endurbætur á slíkum eftirlitsþáttum eða einingum þar sem æskilegt væri að koma á nýjum eða ítarlegri eftirlitsþáttum. Leggja mat á virkni eftirlits með fylgni við lög og reglur og niðurstöður athugana stjórnenda og eftirfylgni með hvers konar frávikum.
 - 2.3. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsumhverfis Íslandssjóða, þar með talið upplýsingaöryggi og eftirliti með því.
 - 2.4. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar og regluvörslu.
 - 2.5. Yfirfara athuganir innri og ytri endurskoðenda á innra eftirliti með fjárhagsuppgjöri og fá í hendur skýrslur um meginniðurstöður og tillögur til úrbóta, ásamt viðbrögðum stjórnenda.
3. Eftirlit með endurskoðun árs- og hálfársreikningi Íslandssjóða og sjóða í rekstri og að reikningarnir uppfylli viðeigandi skilyrði laga og reglna
 - 3.1. Hafa eftirlit með endurskoðun árs- og hálfársreikningi félagsins og einstakra sjóða í rekstri, þ.m.t. fagfjárfestasjóða.
 - 3.2. Hafa eftirlit með gerð árs- og hálfársreikningi félagsins og einstakra sjóða í rekstri, þ.m.t. fagfjárfestasjóða.
 - 3.3. Hafa eftirlit með því að árs- og hálfársreikningur uppfylli á hverjum tíma viðeigandi skilyrði laga og reglna og séu í takt við þá reikningsskilastaðla sem við á.
 - 3.4. Yfirfara tillögur ytri endurskoðenda varðandi umfang og aðferðafræði við endurskoðun ársreiknings og könnunaráritun hálfársreiknings, þ.m.t. samhæfingu aðgerða við innri endurskoðun.
 - 3.5. Fara yfir endurskoðunaráætlun.

- 3.6. Endurskoðunarnefnd skal óska eftir við ytri endurskoðanda um að nefndin sé upplýst mál sem upp koma við endurskoðun og tengjast vandamálum eða ágreiningi í tengslum við reikningsskil.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum þeirra
 - 4.1. Leggja mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir félagið.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki með hliðsjón af tillögu endurskoðunarnefndar móðurfélags
 - 5.1. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki, en tekið skal mið af tillögu endurskoðunarnefndar móðurfélags um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki móðurfélagsins. Tillaga stjórnar Íslandssjóða um tilnefningu skal byggjast á tilmælum nefndarinnar.¹
6. Önnur verkefni og mál sem stjórn felur endurskoðunarnefnd að fjalla um
 - 6.1. Yfirfara niðurstöður úr hvers konar athugunum opinberra eftirlitsaðila, auk ábendinga innri og ytri endurskoðenda varðandi brot á reglum.
 - 6.2. Stjórn getur falið nefndinni að skoða nánar og fylgja eftir hvers konar málefnum sem tengjast fjárhagslegri stöðu Íslandssjóða, innra eftirlitsumhverfi, áhættustýringu eða fylgni við lög og reglur. Nefndin getur jafnframt tekið slík mál upp að eigin frumkvæði.
 - 6.3. Gera tillögu til stjórnar varðandi málefni sem tengjast verksviði nefndarinnar og hún verður vör við og telur að eigi erindi inn á borð stjórnar.
 - 6.4. Nefndin skal árlega gefa stjórn skýrslu um störf nefndarinnar, umfjöllunarefni og tillögur sem þeim tengjast.

6. gr. Þóknun

Stjórn Íslandssjóða skal gera tillögu til aðalfundar um þóknun fyrir störf nefndarmanna.

7. gr. Annað

Endurskoðunarnefnd er falið að yfirfara og endurmeta erindisbréf nefndarinnar á a.m.k. tveggja ára fresti, kalla eftir samþykki stjórnar fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til og tryggja viðeigandi kynningu eftir því sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Þannig samþykkt af stjórn Íslandssjóða þann 27. febrúar 2017

¹ Nefndin skal rökstyðja það sérstaklega ef hún gerir tillögu um annað endurskoðunarfyrtæki en annast endurskoðun Íslandsbanka hf., móðurfélags Íslandssjóða.